

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi orðfræðisviðs á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Neshaga 16, 3. hæð, þriðjudaginn 4. nóvember 2014 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Haraldur Bernharðsson varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir og Steinunn Stefánsdóttir. Eiríkur Rögnvaldsson boðaði forföll. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Lokaundirbúningur málræktarþings

Sjá fg. stj. ÍM 8/2014, 1. lið. Formaður og Jóhannes greindu frá undirbúningi málræktarþingsins.

2. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2014

Anna Sigríður greindi frá drögum að ályktun um stöðu íslenskrar tungu sem hún hafði samið. Farið er skipulega yfir ýmis svið málsins í henni. Hvass tónn er í ályktuninni og stjórnvöld sögð hafa sofið á verðinum. Nefnt er að ef ekki verði brugðist skjótt við megi ætla „að fleiri en eitt umdæmi og jafnvel fleiri en tvö tapist“. Rætt var um drögin og lagðar til breytingar.

3. Úttekt á efndum íslenskrar málstefnu

Sjá fg. stj. ÍM 8/2014, 2. lið. Formaður ræddi stuttlega um drög að úttekt á efndum íslenskrar málstefnu sem nú væri fimm ára. Drögin verða send Íslenskri málnefnd fyrir fund nefndarinnar 25. nóvember.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16.00.

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.